



Félagsmiðstöðvarstarfið í vetur þrífst á því hvað þið sjálf eruð dugleg við að koma með hugmyndir og að setja klúbba og aðra starfsemi í gang. Helsta hlutverk starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar er að aðstoða ykkur í að framkvæma ykkar eigin hugmyndir. Starfsmennirnir eru ekki þarna til að mata ykkur á hugmyndum né skemmta ykkur.

Mikilvægt er að þeir krakkar sem skipa Félagslífsráðið séu hugmyndarík og dugleg.

Skipulagsfundir með ráðinu og starfsmönnum félagsmiðstöðva verða haldnir á tveggja vikna fresti þar sem starfið verður skipulagt og metið. Geggjað skemmtilegir fundir ☺

Til að byrja með verður opnunartími í vetur þessi:

	5 – 7 bekkur	8 - 10 bekkur
Mánudaga	17:00 – 19:00	20.00 – 22.00
Þriðjudaga	Lokað	Lokað
Miðvikudaga	17:00 – 19:00	20.00 – 22.00
Fimmtudaga	Lokað	Lokað
Föstudaga	Lokað	20 :00-23:00

Hugmyndir eru uppi um að fá ykkur unglíngana í smá vinnu til að bæta húsnæðið enn frekar. Gaman verður að sjá hvert við komumst í þeim efnum í vetur.



OPNUM 13. MÁNUDAGINN 13.SEPTEMBER

Dagsetningar stærri viðburða:

- Fös. 10. sept. Opnunarball Fjörheima
- Fös. 24. sept. Opnunarball Eldingar
- Víkuna 27.sept – 1.okt. Lokað v. heimsóknar.
- Fös.lau og sun. 1 – 3 okt.
- Landsmót og landsþing ungs fólks í Garðabæ. Bara fyrir krakka í Félagslífsráði.
- Fös. 15. okt. LAN-nótt
- Fös. 29. okt. Hrekkjavökuball í Fjörheimum Ath hrekkjavíku í skóla ☺
- Fös. 5. nóv. Stíll forkeppni.
- Fös. 12 nóv Para og vina í Fjörheimum.
- Fös 19.nóv Rímnaflæði í Gerðubergi
- Lau 20.nóv Stíll í Smáralind. KL.12-17 Þema: TILFINNINGAR
- Fös 3. des Jólabbal í Eldingu
- Fim. 9. Des 25 ára afmæli Samfés ?

----- ÁRAMÓT -----

- Fös 28. jan Andvökunótt
- Fös 11. feb Þemaball
- Fös 4 mars. Samfésball
- Fös. 6 maí Lokaball
- Fim. 16.júní Eldingaball í Samkomuhúsi.

Ef þið hafið brjálæðislega mikið af hugmyndum reynum við að bæta þeim inn á lausu dagana. Mánudaga, miðvikudaga eða föstudaga.....en ekki hvað !

Félagsmiðstöðin er ykkar hús og þið sjálf eigið að gera kröfu um að vel sé gengið um í húsinu. Ef þið verðið vitni af slæmri umgengni annarra þá eru þeir að eyðileggja fyrir ykkur svo endilega skiptið ykkur af því og stöðvum slíka vitleysu strax. Það er bara óþroski að ganga illa um sameiginlegar eigur okkar.

JÓLAFRÍ  
Lokum mánudaginn 13.desember  
Opnum manudaginn 10. janúar

Hugmynd er um að skapa aðstöðu til að læra í Eldingunni á matsdögum í janúar. Þá geta þeir sem vilja komið í félagsmiðstöðina og lært saman. Þá myndum við loka á öll tæki og hávaða ef einhverjir vilja nýta sér það að læra saman í Edingunni.

Fyrsti fundur í Félagslífsráðinu verður þriðjudaginn 14. Sept. Kl. 20:00. Setjum hugmyndir á blað og finnum leiðir saman til að krydda félagslífið í Eldingunni fyrir alla krakka í Gerðaskóla.

